



Ályktun um kjaramál

Fyrr á þessu ári var gengið frá kjarasamningum til þriggja ára á almennum vinnumarkaði. Þessi kjarasamningar eiga að tryggja almenna kaupmáttaraukningu og sérstaka hækkun lægstu launa. Í tengslum við samningana gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þar sem hún lofaði m.a. að beita sér fyrir því að atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga hækkuðu í samræmi við laun þeirra tekjulægri. Samhliða gerð kjarasamninganna ákváðu verkafélagsforingirnir, atvinnurekendur og ríkisvaldið að rjúfa kyrrstöðuna í efnahags- og atvinnumálunum með því að beita sér í sameiningu fyrir auknum fjárfestingum til að skapa hagvöxt og vinna bug á atvinnuleysi.

Samkvæmt forsenduákvæðum kjarasamninga er gert ráð fyrir því að kaupmáttur aukist á árinu, verðlag verði stöðugt, gengi krónunnar styrkist og að ríkisstjórnin standi við gefin loforð. Nú þegar stutt er í endurskoðun kjarasamninga er verðbólgan á hraðri uppleið, gengið er enn veikt og þá veldur nýútkomið fjárlagafrumvarp vonbrigðum. Þar er ekki gert ráð fyrir að bætur hækki í samræmi við lægstu laun, eins og lofað var.

Þing Starfsgreinasambands Íslands bendir á að í gildandi kjarasamningum liggja mikil verðmæti. Samningarnir eiga að varða leiðina að bættum lífskjörum, eyða óvissu og leggja grundvöll að endurreisn efnahagslífsins. Það væri því mikill skaði ef brostnar forsendur leiddu til þess að kjarasamningar yrðu lausir upp úr næstu áramótum. Til þess að forða því verða allir að leggja sitt af mörkum. Þingið krefst þess að ríkisstjórnin standi við gefin loforð um auknar framkvæmdir svo hægt verði að fjölga störfum og draga þannig úr atvinnuleysi.